

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um borgun fyrir þjónustu presta- 89
kalls. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit hinna heiðruðu stiptsyfirvalda í brjefi 8. júlí.
 28. maí þ. á., viðvíkjandi beiðni prestsins á Skinnastöðum, sjera Þorleifs Jónssonar, um
 útborgun á uppbót Fjallapingaprestakalls fyrir næstliðið fardagaár, skal jeg hjermeð
 biðja yður að afhenda rektor Jóni Þorkelssyni hjálagðar 2 fullmaktir og tjá honum, að
 samkvæmt 3. gr. tilskipunar frá 6. jan. 1847, sbr. tilsk. 3 febr. 1836, IV, verði sjera
 Þorleifur að semja um það við sjera Einar Vigfússon, sem skipaður var prestur í Fjalla-
 pingum 3. sept. f. á., og þessvegna á tekjur kallsins það fardagaár á móts við hinn
 þjónandi prest þar, hvern hluta hann fái af tekjum þessa prestakalls fyrir þjónustu þess
 síðastliðið fardagaár og geti 600 kr. tillagið úr landssjóði fyrir það ár því eigi að svo
 komnu orðið greitt samkvæmt hinni framsendu fullmakt.

En að því er kemur til þeirra 200 kr., sem hin fullmaktin hljóðar uppá, og
 sem sjera Þorleifur álitur sig eiga tilkall til af uppbót Fjallapinga fardagaárið 1881—82
 fyrir þjónustu þess nokkurn hluta þess árs, skal þess getið, að sjera Pjetri Jóns-
 syni var sem páverandi presti í Fjallapingum greitt allt það tillag, sem brauðinu bar
 það ár úr landssjóði, og verður sjera Þorleifur því að snúa sjer til hans, ef hann álitur
 sig eiga tilkall til endurgjalds fyrir prestsþjónustu í Fjallapingum nefnt fardagaár.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um búa- 90
aðarskólastofnun Múlasýslna á Eyðum — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmáður, sem 14. júlí.
 forseta amtsráðsins í norður- og austuramtinu, í þóknanlegu brjefi 11. f. m., samþykki
 jeg hjermeð, að sýslunefndirnar í Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu fái útborgaðar til-
 tölur sínar úr búnaðarskólasjóði norður- og austuramtsins og að búnaðarskólagjaldið úr
 sýslum þessum greiðist eptirleiðis til sýslunefndanna þar, þó með því skilyrði, að amts-
 ráðið verði, áður en útborgunin megir eiga sjer stað, búíð að fá í hendur og ræða reglu-
 gjörð fyrir búnaðarskólastofnun sýslanna á Eyðum, sem það fyrir sitt leyti vill fallast
 á, og enn fremur að því verði sendur til yfirlita reikningur yfir tekjur og gjöld skóla-
 stofnunarinnar á skólaárinu 1883—1884 og yfir kostnaðinn við að koma henni á fót.

Sömuleiðis vil jeg, samkvæmt beiðni ofanefndra sýslunefnda, er þjer sem for-
 seti amtsráðsins hafið mælt með í þóknanlegu brjefi dagsettu 13. f. m., og samkvæmt
 heimild þeirri, er partil er veitt í 3. gr. skipulagsskrár 4. marz 1878 fyrir styrktarsjóð
 handa þeim, er biða tjón af jarðeldi á Íslandi, veita nefndri búnaðarskólastofnun, með
 sömu skilyrðum og að framan eru sett fyrir útborgun búnaðarskólagjaldsins til þeirra,
 vextina af hinni föstu innstæðu sjóðs þessa fyrir síðastliðið ár eða 884 kr., en um það
 hvort vextirnir eptirleiðis verði veittir til skólans, mun ákvörðun verða tekin seinna meir,
 þegar búíð er að ákveða að fullu um fyrirkomulag skólastofnunarinnar, og býst jeg við
 að þjer leggi undir samþykki landshöfðingja frumvarp til reglugjörðar handa skólanum,
 þegar amtsráðið er búíð að ræða það og samþykkja fyrir sitt leyti.

Auglýsing

um kólerusótt á Suður-Frakklandi.

Með því að kunnugt er orðið, að hin austurlenzka kólerusótt gengur í ýmsum
 21. d. júlímán. 1884.